

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



Reykjavík 6. júní 2017
UST201704-095/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar - Heiðmörk og Sandahlíð

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 11. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar – Heiðmörk og Sandahlíð.

Markmiðið með breytingunni er að fá heildstæðara og markvissara skipulag fyrir Heiðmerkursvæðið


Hér er um að ræða óverulegar breytingar á aðalskipulagi s.s. legu Heiðmerkurveggar við suðurenda Vífilstaðahlíðar og legu línuveggar á brún Vífilstaðahlíðar. Mörk vatnsverndar eru uppfærð og land sem tilheyrir Heiðmörk og sem er innan marka Garðabæjar er skilgreint sem opin svæði til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir skógrækt auk útivistarsvæða.


Umhverfisstofnun telur að umræddar breytingar muni ekki hafa neikvæð áhrif á Heiðmörk m.t.t. útivistar og ferðamennsku.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur